

# Samningur

## mennta- og menningarmálaráðuneytis við Þekkingarsetur Vestmannaeyja um ráðstöfun rekstrarframlags í fjárlögum

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneyti, og Þekkingarsetur Vestmannaeyja ses, kt. 530308-1380, í samningi þessum nefnt Þekkingarsetur, gera með sér svofelldan samning um starfsemi og þjónustu Þekkingarsetur Vestmannaeyja.

### 1. Markmið og starfsemi

1.1. Meginmarkmið með samningi þessum eru að:

- stuðla að aukinni almennri þekkingu og fjölbreytni atvinnulífs í Vestmannaeyjum með fræðslustarfi, eflingu háskólamenntunar, vísindarannsóknnum og nýsköpun,
- bæta aðgengi íbúa Vestmannaeyja að námi og aðstoða rannsóknanema og vísindamenn við að koma á tengslum og útvega aðstöðu,
- stuðla að auknu samstarfi og samþættingu menntunar, rannsókna og fræðastarfs.

1.2. Starfsemi

- *Fjarnám*

Þjóða aðstöðu fyrir íbúa til símenntunar, framhaldsfræðslu og fjarnáms. Taka þátt í þróun námsleiða og/eða námskeiða á háskólastigi í samstarfi við háskóla og sérfræðinga. Vinna með háskólum að bættri þjónustu við íbúa í formi fjarkennslu og staðbundins náms. Þekkingarsetrið stuðlar að miðlun þekkingar til alls almennings með fræðslu- og útgáfustarfsemi, sbr. ákvæði 2.7 og 2.8.

- *Rannsóknir og þróun*

Vera miðstöð öflugra rannsókna- og þróunarstarfsemi í Vestmannaeyjum með áherslu á rannsóknir og þróun í tengslum við sérstöðu Vestmannaeyja í náttúrufari, atvinnulífi og/eða menningu. Stuðla að samstarfi fyrirtækja, mennta- og menningarstofnana og rannsóknastofnana um verkefni á sviði nýsköpunar og rannsókna. Þekkingarsetrið hefur frumkvæði að rannsókna- og þjónustuverkefnum á sérsviði þess og tekur í því tilliti mið af sérstöðu byggðarlagsins til rannsókna á lífríki sjávar og náttúru. Þekkingarsetrið býður upp á rannsóknnaaðstöðu fyrir háskólanemendur og vísindamenn.

### 2. Forsendur samnings og lagaheimildir

2.1. Framlag ríkisins til samnings þessa er ákveðið í fjárlögum hvers árs (fjárlagaliður 02-299-1.32) og er það 25,5 m. kr. árið 2014.

2.2. Ráðuneytið annast samskipti aðila vegna samningsins við fjármálaráðuneyti og Alþingi. Það mun beita sér fyrir því að árlegt framlag til samningsins verði í samræmi við gr. 2.1. með fyrirvara um að Þekkingarsetrið standi við skuldbindingar sínar. Gerður er fyrirvari um að stjórnvöld kunna að ákveða aðhaldsaðgerðir við samþykkt fjárlaga og á Þekkingarsetrið ekki kröfu á ríkissjóð eða rétt á bótum þótt framlag til samningsins verði lækkað eða fellt niður.

2.3. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins í fjárlögum taka aðilar upp viðræður um aðlögun rekstrarins að breyttri fjárveitingu.

- 2.4. Framlag ríkisins skv. samningi þessum tekur breytingum samkvæmt verðlagsuppfærslu fjárlaga hvers árs.
- 2.5. Þekkingarsetrið starfar samkvæmt samþykktum sem samþykktar voru á stofnfundi þann 23. janúar 2008.
- 2.6. Þekkingarsetrið starfar í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um umsamda starfsemi og verkefni, en einnig, eftir því sem við á: eftir lögum og reglugerðum um rekstur aðila sem kostaðir eru að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins.
- 2.7. Til þess að ná markmiðum sbr. 1. gr. mun stjórn Þekkingarseturs Vestmannaeyja ses, m.a. með samstarfssamningi dags. 1. júlí 2014 við Visku – fræðslu- og símenntunarmiðstöð, beita sér fyrir margs konar námskeiðshaldi sem gerir almenningi kleift að stunda nám á öllum skólastigum með staðbundnu námi og fjarkennslusniði, kynna símenntun, veita ráðgjöf og bjóða uppá möguleika á námi og rannsóknum í heimabyggð m.t.t. sérstöðu staðarins.
- 2.8. Þekkingarsetrið skal á hverjum tíma, í samstarfi við Visku veita upplýsingar um mismunandi tækifæri til náms á öllum skólastigum sem boðið er með fjarkennslusniði og koma þeim upplýsingum á framfæri við íbúa Vestmannaeyja. Leggja skal sérstaka áherslu á samstarf við menntastofnanir á framhalds- og háskólastigi.

### 3. Ábyrgð styrkþega

- 3.1. Þekkingarsetrið ber ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Þekkingarsetrið skal geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.
- 3.2. Þekkingarsetrið ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við samning þennan.
- 3.3. Þekkingarsetrinu er óheimilt að:
  - 3.3.1. Afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
  - 3.3.2. Framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

### 4. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála

- 4.1. Ráðuneytið greiðir árlegt framlag sem hér segir:
  - 4.1.1. Í tólf jöfnum hlutum og er miðað við að greiða fyrsta dag hvers mánaðar. Greitt er inn á bankareikning í viðskiptabanka Þekkingarsetursins.
- 4.2. Þekkingarsetrið skilar ráðuneytinu:
  - 4.2.1. Áætlun um rekstur og sjóðshreyfingar ásamt starfsáætlun, þar sem fram komi m.a. hvernig er áætlað að ráðstafa framlagi og helstu starfsmarkmið sem unnið verður að, fyrir lok janúar ár hvert.
  - 4.2.2. Endurskoðaðan ársreikning ársins á undan með skýringum, fyrir lok júní ár hvert.
- 4.3. Eigi Þekkingarsetrið í viðskiptum við lögaðila sem það á eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslegra tengdra aðila svo sem stjórnenda hans, eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.

AG<sup>2</sup>

## 5. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna verkefna

- 5.1. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 5.2. Fulltrúar ráðuneytis og Þekkingarsetursins funda að lágmarki árlega um samninginn.
- 5.3. Fyrir lok júní ár hvert skilar Þekkingarsetrið ráðuneytinu greinargerð um framkvæmd samningsins, hver staða verkefna er og hvernig framlagi var ráðstafað í samanburði við áætlun.
- 5.4. Þekkingarsetrið skilar ráðuneytinu upplýsingum sem það kallar eftir vegna opinberrar upplýsingagjafar.
- 5.5. Þekkingarsetrið veitir ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins. Ráðuneytið hefur heimild til að gera sjálft eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Í því sambandi hefur það óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta, þar á meðal fundargerðum, skrám, fylgiskjölum, skýrslum, bókum og bréfum.
- 5.6. Samning þennan, ársreikning Þekkingarsetursins, greinargerð um framkvæmd samnings og úttektarskýrslur skal birta á vef Þekkingarsetursins jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir. Ráðuneytinu er heimilt að birta gögnin á vef sínum.
- 5.7. Þekkingarsetrið setur á vefsíðu sína ýmis gögn sem eru efnislegar afurðir verkefnisins, svo sem skýrslur, leiðbeiningar og áætlanir.

## 6. Vanefndir og meðferð ágreinings

- 6.1. Þekkingarsetrið tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef það telur vafa leika á um að það geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt greinir stofnunin frá úrræðum sem hún hyggst grípa til.
- 6.2. Ráðuneytinu er heimilt að draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og endurkrefja um greiðslur uppfylli Þekkingarsetrið ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 6.3. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 6.4. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Suðurlands, Vestmannaeyjum.


## 7. Gildistími og lok samnings

- 7.1. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2016.
- 7.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnileg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 7.3. Óski annar hvor samningsaðila að semja um áframhald eftir gildistíma samningsins skal hann koma því á framfæri fyrir lok febrúar það ár sem samningurinn rennur út.
- 7.4. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.
- 7.5. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili eintaki.

Reykjavík, 2. júlí 2014



Hellen Gunnarsdóttir  
Skrifstofustjóri  
Mennta- og menningarmálaráðuneyti



Arnar Sigurmundsson  
Varaform. stjórnar Þekkingarseturs  
Vestmannaeyja